



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Tillaga um samþykkt nýrra reglna Reykjavíkurborgar um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA).

Á fundi velferðarráðs þann 13. mars 2019 var lögð fram svohljóðandi tillaga að samþykkt nýrra reglna Reykjavíkurborgar um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA):

Lagt er til að velferðarráð samþykki tillögu að nýjum meðfylgjandi reglum Reykjavíkurborgar um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA).

Greinargerð fylgir tillögu ásamt drögum að reglum um NPA, minnisblaði sviðsstjóra og jafnréttisskimun.

Lögð fram svohljóðandi breytingartillaga velferðarráðs:

Lagt er til að orðið *sérstaklega* verði felld úr niðurlagi 2. ml. 6. gr. Samþykkt.

Samþykkt með 6 atkvæðum.
Fulltrú Sósíalístaflokks Íslands situr hjá.
Eftirfarandi bókanir voru lagðar fram:

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna fagna því hver hratt og vel hefur gengið að útfæra nýjar reglur um notendastýrða persónulega aðstoð, enda um mikilvæga grunnþjónustu að ræða. Samráð hefur verið haft við hagsmunaaðila og þakkar ráðið fyrir þær mikilvægu athugasemdir og sjónarmið sem þar komu fram. Mikilvægt er að sá innleiðingartími sem nú gengur í garð verði vel nýttur til að afla reynslu og að þessar reglur verði endurskoðaðar með tilliti til þeirrar reynslu. Fulltrúarnir harma þó að bráðabirgðaákvæði laga um notendastýrða persónulega aðstoð skuli takmarka fjölda

samninga á þann hátt sem þar er gert, miðað við reynslu úr tilraunaverkefningu og þær umsóknir sem fyrir liggja er ljóst að sá fjöldi sem áætlaður er muni ekki duga til að koma til móts við þá þörf sem fyrir liggur og þau réttindi sem fólk með sérstakar stuðningsþarfir á sannarlega samkvæmt lögum 38/2018. Fulltrúarnir hvetja því eindregið til þess að fjárheimildir verði auknar og samningum fjölgað, en sé vilji til þess af hálfu ríkisins að fjölga samningum mun það ekki stranda á meirihlutanum í Reykjavíkurborg.

Fulltrúi Sósíalistasflokks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Sósíalistasflokksins fagnar því að notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA) sé lögbundið þjónustuform og fagnar því að reglur borgarinnar um þá þjónustu líti nú dagsins ljós. Greinargerð með tillögnum greinir frá því að fjárheimild velferðarsviðs vegna NPA þjónustufarms fyrir árið 2019 sé 445,6 mkr. Í reglum Reykjavíkurborgar kemur fram að fjármagnið sem er til ráðstöfunar byggir á samþykktri fjárveitingu frá ríkissjóði, sbr. bráðabirgðaákvæði I í lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018. Þar kemur fram að ríkissjóður veiti framlag til ákveðinna fjölda NPA samninga á innleiðingartímabilinu frá árinu 2018-2022. Þar stendur einnig að ákvæði þetta og fyrirkomulag notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar auk þeirra álitæfna sem upp koma við framkvæmd laga þessara á tímabilinu skuli endurskoða innan þriggja ára frá gildistöku þeirra í ljósi fenginnar reynslu. Fulltrúi Sósíalistasflokksins telur gríðarlega mikilvægt að fjárheimildir séu ekki til þess fallnar að mögulega leiða til þess að viðkomandi þurfi að bíða til lengdar eftir þjónustu sem hann á rétt á og ítrekar mikilvægi þess að meira fjármagn verði sett í málaflokkinn af hendi ríkisins.

Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins og varafulltrúi Flokks fólksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Ánægjulegt er að reglur Reykjavíkurborgar um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA) séu samþykktar í velferðarráði. Þrátt fyrir samþykkt á nýjum reglum, er afar mikilvægt að á næstu árum innleiðingaférlisins verði hægt að endurskoða reglurnar komi í ljós augljósir vankantar á þeim. Áframhaldandi samstarf við notendur og hagsmunasamtök eru lykilatriði þegar kemur að því að tryggja bestu mögulegu framkvæmd þjónustunnar til framtíðar.

Tillagan er hér með send borgarstjórn til samþykktar.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar óskar eftir því að skrifstofa borgarstjórnar annist birtingu framangreindra reglna í B-deild Stjórnartíðinda. Reglurnar, sem eru meðfylgjandi, hafa verið uppfærðar í samræmi við samþykkt velferðarráðs og taka gildi 1. maí. nk.

Virðingarfyllst


Regína Ásvaldsdóttir
sviðsstjóri



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Lagt fyrir 350. fund velferðarráðs 13. mars 2019

VEL2019030014

RÁ/at/hjb

Tillaga

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: Tillaga um samþykkt nýrra reglna Reykjavíkurborgar um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA).

Lagt er til að velferðarráð samþykki tillögu að nýjum meðfylgjandi reglum Reykjavíkurborgar um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA).

Greinargerð:

Reglur þessar eru settar í kjölfar nýrra laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 sem tóku gildi 1. október 2018 en með þeim varð notendastýrð persónuleg aðstoð að lögbundnu þjónustuformi. Í lögnum gengið út frá ákvæðum sammings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks en lögin taka til þeirra sem hafa þörf fyrir meiri eða sérhæfðari stuðning/þjónustu en fullnægt verður á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 41/1991.

Þann 27. desember 2018 tók gildi reglugerð um notendastýrða persónulega aðstoð nr. 1250/2018. Reglur Reykjavíkurborgar um notendastýrða persónulega aðstoð við fatlað fólk sem hér eru lagðar fram grundvallast á 11. gr laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018, fyrrgreindri reglugerð um NPA, reynslu af tilraunaverkefni um NPA, þróun þess og ábendingum sem bárust frá notendum, hagsmunasamtökum og starfsmönnum á tilrauna- og undirbúningstíma. Reglurnar munu áfram mótast á innleiðingartímanum og þróast af reynslu og mati á því hvernig tekst að koma til móts við þarfir fatlaðs fólks svo það megi lifa sjálfstæðu og virku lífi. Reglurnar gilda til 31. desember 2022

Reglurnar hafa verið unnar í samráði við fulltrúa málefnaþóps Öryrkjabandalags Íslands um sjálfstætt líf frá upphafi. Þá hefur og verið haft samráð við fulltrúa NPA-miðstöðvar, Þroskahjálpar og Átaks við gerð reglanna. Afar gagnlegar ábendingar og athugasemdir hafa borist frá hagsmunaaðilum og góðar umræður átt sér stað á samráðsfundum sem hafa nýst vel við gerð reglnanna.

Fjárheimild sviðsins vegna NPA þjónustufarms fyrir árið 2019 er 445,6 mkr. Athygli er vakin á því að reglugerð um NPA sem tók gildi 27. desember 2018 leggur á frekari kostnað sem ekki var gert ráð fyrir í áætlun velferðarsviðs.

Fylgiskjöl:

1. Drög að reglum Reykjavíkurborgar um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA)
2. Minnisblað, dags. 13. mars 2019
3. Jafnréttisskimun

Reglur Reykjavíkurborgar um notendastýrða persónulega aðstoð fyrir fatlað fólk

I. kafli

Almenn ákvæði

1. gr.

Grundvöllur notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar

Reglur Reykjavíkurborgar um notendastýrða persónulega aðstoð fyrir fatlað fólk grundvallast á 11. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018, og reglugerð um notendastýrða persónulega aðstoð, nr. 1250/2018.

Við framkvæmd reglna þessara skulu ákvæði samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, þ.m.t. ákvæði er lúta að viðeigandi aðlögun, höfð að leiðarljósi.

Innleiðing notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar skal eiga sér stað á tímabilinu 2019 til 2022. Fjöldi samninga sem gerðir verða á innleiðingartímabilinu miðast við það fjárframlag sem ríkissjóður hefur ákveðið að ráðstafa í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem hlutfall af fjárhæð samninga sem sveitarfélögin gera, sbr. bráðabirgðaákvæði I í lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018. Í ljósi þess verða þeir í forgangi fyrir þjónustuna sem hafa einstaklingsbundnar þarfir sem ekki hefur verið hægt að komast til móts við á annan hátt og fyrir liggur faglegt mat á því að notendastýrð persónuleg aðstoð sé hentugt form til að mæta þjónustubörfum þeirra.

2. gr.

Inntak notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar

Notendastýrð persónuleg aðstoð byggir á hugmyndafræði um sjálfstætt líf og er markmiðið að koma til móts við þarfir fatlaðs fólks svo að það megi lifa sjálfstæðu og virku lífi og hafi val um hvernig aðstoðinni við það er háttað.

Notendastýrð persónuleg aðstoð er skipulögð á forsendum notandans og er ætíð undir verkstýringu og verkstjórn hans og eftir atvikum með stuðningi aðstoðarverkstjórnanda. Notendastýrð persónuleg aðstoð felur í sér mánaðarlegar greiðslur til umsýsluaðila og er þeim ætlað að greiða launakostnað aðstoðarfólks, starfsmannakostnað og umsýslukostnað.

II. kafli

Skilyrði fyrir notendastýrðri persónulegri aðstoð

3. gr.

Skilyrði fyrir því að umsókn um notendastýrða persónulega aðstoð verði samþykkt

Til þess að notandi eigi rétt á þjónustu í formi notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar verða öll eftirfarandi skilyrði að vera uppfyllt til þess að umsókn verði samþykkt.

1. Umsækjandi skal hafa náð 18 ára aldri. Forsjáraðili fatlaðs barns getur sótt um þjónustu í formi notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar fyrir barn sitt, uppfylli það skilyrði 2. og 3. tl. 1. mgr. 3. gr. reglna þessara.
2. Umsækjandi skal teljast fatlaður í skilningi laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018.
3. Umsækjandi skal þurfa daglega aðstoð sem nemur umfram 15 klukkustundum á viku.
4. Umsækjandi skal búa í sjálfstæðri búsetu. Þeir sem búa í sértæku húsnæðisúrræði, þ.e. íbúðarhúsnæði sem gert hefur verið aðgengilegt fyrir tiltekna notkun eða skilgreint sérstaklega fyrir tiltekinn hóp fatlaðs fólks, geta átt rétt á notendastýrðri persónulegri aðstoð sé stefnt að flutningi í sjálfstæða búsetu. Búseta einstaklings í foreldrahúsum fellur undir sjálfstæða búsetu. Einstaklingar sem búa á hjúkrunarheimili eða stofnun og þar sem greidd eru daggjöld frá ríkinu eiga ekki rétt á þjónustu í formi notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar.

Til þess að þjónusta í formi notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar geti hafist skal umsækjandi vera með lögheimili í Reykjavík. Notandi skal vera með lögheimili í Reykjavík á meðan þjónusta er veitt í formi notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar.

Samþykktar umsóknir um þjónustu í formi notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar raðast eftir forgangsroð hverju sinni. Velferðarsviði Reykjavíkurborgar ber að upplýsa notanda um þá þjónustu sem honum stendur til boða á meðan beðið er eftir þjónustu í formi notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar.

4. gr.

Afgreiðsla umsóknar

Ákvörðun um veitingu notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar er tekin á fundi úthlutunarteymis sem skipað er með erindisbréfi af velferðarsviði Reykjavíkurborgar.

Við afgreiðslu umsóknar skal liggja fyrir faglegt mat á því að notendastýrð persónuleg aðstoð sé hentugt fyrirkomulag til að mæta þjónustubörfum umsækjanda sem hefur mikla og viðvarandi þörf fyrir aðstoð og þjónustu, s.s. við athafnir daglegs lífs, heimilishald og þátttöku í félagslífi, námi og atvinnulífi. Horft skal sérstaklega til þeirra umsækjenda sem hafa einstaklingsbundnar þarfir sem ekki hefur verið hægt að koma til móts við á annan hátt með þjónustu af hálfu Reykjavíkurborgar.

Verði umsækjanda ekki veitt þjónusta í formi notendastýrðrar persónulegar aðstoðar af hálfu úthlutunarteymis mun umsókn hans halda gildi sínu og verður umsækjanda leiðbeint um önnur þau úrræði sem honum kunna að standa til boða.

Fjármagn sem til ráðstöfunar er byggir á samþykktri fjárveitingu frá ríkissjóði, sbr. bráðabirgðaákvæði I í lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018.

5. gr.

Verkstjórnarhlutverk

Notandi notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar skal vera í verkstjórnarhlutverki í lífi sínu, geta ákveðið hvað hann vill gera á degi hverjum og hvernig hann vill að aðstoðarfólk nýtist. Þurfi notandi aðstoð við að koma þörfum sínum á framfæri skal skilgreint í einstaklingssamningi um notendastýrða persónulega aðstoð með hvaða hætti verkstjórnarhlutverk hans er tryggt, s.s. með aðstoð tólks, aðstoðarverkstjórnanda eða persónulegs talsmanns ef við á og/eða forsjáradila ef um börn er að ræða.

6. gr.

Þjónustubættir notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar

Eftirtalin þjónusta verður hluti af notendastýrðri persónulegri aðstoð og fellur þá þjónusta af hálfu velferðarsviðs Reykjavíkurborgar niður við gildistöku samnings:

- a) Stuðningsþjónusta, sbr. VII. kafli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991.
- b) Stoðþjónusta, sbr. 1. tl. 1. mgr. 8. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018. Þá geta aðrir töluliðir 1. mgr. 8. gr. framangreindra laga einnig átt við, eftir því sem við á.
- c) Þjónusta stuðningsfjölskyldna, sbr. 15. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018.
- d) Skammtímadvöl, sbr. 17. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018.

Að jafnaði fellur eftirtalin þjónusta ekki niður við ákvörðun um þjónustu í formi notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar og fellur því samsvarandi fjöldi tíma niður samkvæmt samkomulagi um vinnustundir. Umsækjandi getur óskað eftir því að eftirfarandi þjónusta falli ekki niður og skal taka mið af því í samkomulagi um vinnustundir.

- a) Vernduð vinna, hæfing og dagþjónusta, sbr. 24. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018.

Heimahjúkrun er ekki hluti af samkomulagi um vinnustundir. Það sama gildir um akstursþjónustu, sbr. 29. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991.

III. kafli

Umsóknir og mat

7. gr.

Umsóknir og fylgigögn

Umsókn um þjónustu í formi notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar skal vera skrifleg. Umsókn skal vera á sérstöku eyðublaði sem hægt er að nálgast á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is og á þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar.

Með umsókn skulu eftirfarandi gögn liggja fyrir, eftir því sem við á:

- a) Sjálfsmat.
- b) Örkumat eða umönnunarmat.
- c) SIS-mat.
- d) Staðfesting á fötlun, s.s. með læknisvottorði.

8. gr.

Heildstætt mat á stuðningsþörf

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar skal í samráði við umsækjanda eða persónulegan talsmann, þegar við á, vinna heildstætt mat á stuðningsþörf með hliðsjón af þjónustupörf umsækjanda og þeirri þjónustu sem þegar er veitt. Samráð skal haft við umsækjanda og persónulegan talsmann ef hann kys að hafa viðkomandi aðila með sér í matsferlinu. Við matið er tekið mið af óskum og þörfum umsækjanda og mati velferðarsviðs Reykjavíkurborgar á þörf umsækjanda fyrir þjónustu. Matið skal sýna þörf umsækjanda fyrir stuðning þar sem fram kemur sá tímafjöldi þjónustu sem umsækjandi þarf að jafnaði á mánuði.

Í mati á stuðningsþörf skal meta hvort umsækjandi hafi þörf fyrir þjónustu sem er á ábyrgð ríkisins, s.s. aðstoð í framhaldsskóla, háskóla eða á vinnustað. Heimilt er að semja við hlutaðeigandi stofnanir um aðkomu þeirra að áætlun um stuðning með fjárframlagi eða veittri þjónustu.

IV. kafli

Framkvæmd

9. gr.

Samkomulag um vinnustundir

Þegar ákvörðun hefur verið tekin um að veita umsækjanda þjónustu í formi notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar skulu umsækjandi og velferðarsvið Reykjavíkurborgar gera með sér samkomulag sem kveður m.a. á um fjölda vinnustunda sem aðstoðarfólk skal vinna fyrir umsækjanda. Samkomulagið er undirritað af umsækjanda og velferðarsviði Reykjavíkurborgar.

10. gr.

Fjárhæðir og meðferð fjármagns

Fjárhæðir greiddar fyrir hverja vinnustund árið 2019 verða eftirfarandi:¹

Fyrir vinnustund í dagvinnu verða greiddar 3.147 kr. á tímann.

Fyrir vinnustund í kvöldvinnu verða greiddar 3.989 kr. á tímann.

Fyrir vinnustund í næturvinnu (vakandi næturvakt) verða greiddar 4.536 kr. á tímann.

Fyrir vinnustund á stórhátíðum verða greiddar kr. 5.420 á tímann.

Jafnaðarstund er 4.117 kr. á tímann.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar greiðir umsamda fjárhæð samkvæmt samkomulagi um vinnustundir til umsýsluaðila. Notandi getur valið að semja við þann umsýsluaðila sem hann kys eða sjá sjálfur um umsýsluna enda hafi umsýsluaðili, lögaðili eða notandi sjálfur, starfsleyfi til að annast umsýslu og hafi gert samstarfssamning við velferðarsvið Reykjavíkurborgar.

Umsýsluaðila/notanda skal að jafnaði nýta hverja mánaðargreiðslu í þeim mánuði sem hún er greidd. Umsýsluaðila/notanda er heimilt að færa til greiðslur vegna vinnustunda milli mánaða innan almanaksársins til þess að mæta breytilegum stuðningsþörfum. Ef uppsafnaðar greiðslur vegna vinnustunda nema allt að einni mánaðargreiðslu samkvæmt samningi skal umsýsluaðili/notandi upplýsa velferðarsvið Reykjavíkur og veita viðhlítandi skýringar. Ef fullnægjandi skýringar verða ekki veittar af hálfu umsýsluaðila/notanda er velferðarsviði Reykjavíkurborgar heimilt að endurkrefja umsýsluaðila/notanda um fjárhæðina.

Umsýsluaðili/notandi ber ábyrgð á að ráðstafa fjármagninu í samræmi við heildstætt mat á stuðningsþörf, sbr. 8. gr. reglna þessara.

Einu sinni á ári skal ársuppgjör unnið miðað við 31. desember og skal því skilað til velferðarsviðs Reykjavíkurborgar eigi síðar en 20. janúar ár hvert. Það fjármagn, sem ekki hefur verið notað á tímabilinu, skal í lok árs skilað í heild sinni til velferðarsviðs Reykjavíkurborgar. Ljúki samningi aðila fyrr skal ársuppgjöri skilað 20 dögum eftir að síðustu launagreiðslur til aðstoðarfólks hafa verið inntar af hendi samkvæmt samningi aðila sem er að ljúka.

Umsýsluaðila/notanda ber að upplýsa velferðarsvið Reykjavíkurborgar ef upp koma erfiðleikar við umsjón greiðslanna.

Notanda ber að upplýsa velferðarsvið Reykjavíkurborgar ef hann fær vitneskju um að umsýsluaðili hafi ekki staðið skil á greiðslum til aðstoðarfólks.

Velferðarsviði Reykjavíkurborgar er heimilt að stöðva greiðslur tímabundið þegar notandi er ekki fær um að nýta þá þjónustu sem fjármagnið er ætlað til. Í þeim tilvikum þarf að taka tillit til skuldbindinga sem umsýsluaðili/notandi kann að hafa stofnað til í tengslum við þjónustuna.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar ber ekki ábyrgð á rekstrarniðurstöðu eða fjárhagslegu tapi umsýsluaðila/notanda. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar getur skoðað bókhald umsýsluaðila/notanda og skal umsýsluaðili/notandi vera til aðstoðar við skoðunina, meðal annars með því að

¹ Upphæðir taka mið af gildandi kjarasamningi starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.

leggja fram allar nauðsynlegar upplýsingar í tengslum við skoðunina. Umsýsluaðili/notandi getur haft sinn eigin endurskoðanda viðstaddan við skoðunina.

11. gr.

Ráðning aðstoðarfólks

Að jafnaði er ekki gert ráð fyrir að aðstoðarfólk sé maki, sambýlismaður/sambýliskona eða náinn ættingi, sem heldur heimili með notanda.

Heimilt er að veita undantekningu frá framangreindu í þeim tilvikum þar sem sýnt hefur verið fram á að ættingi sé best til þess fallinn að veita stuðninginn og að tryggt sé að sannanlega sé um að ræða vilja notanda. Í þeim tilvikum skal notandi ekki vera umsýsluaðili.

12. gr.

Endurmat á stuðningsþörf

Stöðumat skal fara fram innan 16 vikna eftir að samningur tekur gildi þar sem kannað er hvernig notendastýrð persónuleg aðstoð nýtist og hvort markmið náist.

Endurmat á stuðningsþörf notanda og inntak samkomulags um vinnustundir þar að lútandi skal framkvæmt einu sinni á ári eða eftir þörfum.

Ef um verulega breytingu á stuðningsþörf er að ræða skal endurskoða samkomulag um vinnustundir og einstaklingssamning um notendastýrða persónulega aðstoð.

13. gr.

Breytingar á aðstæðum notanda

Notandi skal tilkynna velferðarsviði Reykjavíkurborgar tímanlega um þær breytingar á högum sínum sem varðað geta framkvæmd notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar, þar á meðal um tímabundna dvöl annars staðar en á lögheimili, s.s. sjúkrahúslegu, sem og um lögheimilisflutning.

Breytingar á aðstæðum notanda geta leitt til endurmats á stuðningsþörf hvort sem er vegna aukinnar eða minnkaðrar stuðningsþarfar.

V. kafli

Eftirlit og upplýsingaskylda

14. gr.

Skyldur umsýsluaðila/notanda

Umsýsluaðili/notandi skal skila velferðarsviði Reykjavíkurborgar mánaðarlega yfirliti um hve margar vinnustundir hafa verið nýttar. Umsýsluaðili/notandi skal leggja fram og skila til opinberra aðila þeim upplýsingum sem þeir telja sig þurfa til að fullnægja skyldum sínum.

Umsýsluaðila/notanda er skylt að fenginni beiðni að veita velferðarsviði Reykjavíkurborgar upplýsingar um tímaskrár, vinnuáætlanir og ráðningarsamninga.

Skilyrði fyrir samvinnu við umsýsluaðila/notanda er að starfsemin fari í öllu að gildandi lögum, reglugerðum og opinberum fyrirmælum um rekstur og starfsemi fyrirtækja.

Um kaup og kjör þess starfsfólks sem umsýsluaðili/notandi ræður til að sinna þjónustunni fer samkvæmt þeim samningi sem til grundvallar er lagður og almennum reglum vinnuréttar.

Að öðru leyti fer um skyldur umsýsluaðila/notanda samkvæmt samstarfssamningi milli umsýsluaðila/notanda og velferðsviðs Reykjavíkurborgar auk reglugerðar um notendastýrða persónulega aðstoð, nr. 1250/2018.

15. gr.

Skyldur velferðarsviðs Reykjavíkurborgar

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar fer með ábyrgð á eftirliti með einstaklingssamningum um notendastýrða persónulega aðstoð.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar skal tilkynna umsýsluaðila/notanda um atriði, t.d. lagabreytingar, reglugerðarbreytingar eða breytingar á skipulagi og innihaldi þjónustunnar sem almennt má ætla að skipt geti máli varðandi framkvæmd samnings aðila og taka þær ákvarðanir sem nauðsynlegar eru af þessum sökum svo unnt sé að efna samninginn.

Velferðarsviði Reykjavíkurborgar ber að stuðla að eins auðveldri tilfærslu til nýs umsýsluaðila og kostur er, óski notandi slíkrar tilfærslu.

Starfsfólk velferðarsviðs Reykjavíkurborgar skal veita upplýsingar varðandi ferli umsókna um notendastýrða persónulega aðstoð ásamt því að veita ráðgjöf og stuðning eftir því sem við á.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar mun á gildistíma reglnanna meta framgang og gæði þjónustunnar með hliðsjón af markmiðum og upplifun notenda.

VI. kafli

Vanefndir og uppsögn samnings

16. gr.

Vanefndir

Verði uppi ágreiningur milli velferðarsviðs Reykjavíkurborgar annars vegar og/eða umsýsluaðila/notanda hins vegar skal leitast við að jafna þann ágreining.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar getur krafist þess að umsýsluaðili/notandi bæti úr vanefndum á eigin kostnað. Vanefnd ber þó ávallt að tilkynna til gagnaðila með sannanlegum hætti og gefa honum kost á að bæta úr. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar skal setja hæfilegan tímafrest fyrir því hvernig staðið skuli að úrbótum vanefnda. Séu úrbætur ekki gerðar innan þess tíma sem velferðarsvið Reykjavíkurborgar tilgreinir, getur það krafist þess að umsýsluaðili/notandi greiði þann kostnað sem af hlýst til að koma að nauðsynlegum úrbótum.

Hafi umsýsluaðili/notandi ekki notað það fjármagn sem ætlað er til þjónustu eða notað fjármagnið á annan hátt en kveðið er á um í samningi aðila getur velferðarsvið Reykjavíkurborgar endurkrafíð umsýsluaðila/notanda um þá fjárhæð sem úthlutað hefur verið samkvæmt almennum reglum kröfuréttar. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar skal þó sjá til þess að ekki verði rof á þjónustu til notanda.

17. gr.

Riftun

Ef um verulegar vanefndir er að ræða geta aðilar rift einstaklingssamningi um notendastýrða persónulega aðstoð fyrirvaralaust og falla þá niður mánaðarlegar greiðslur velferðarsviðs Reykjavíkurborgar til umsýsluaðila vegna viðkomandi notanda. Fellur þá samkomulag um vinnustundir jafnframt úr gildi og eftir atvikum samstarfssamningur um umsýslu notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar milli sveitarfélags og umsýsluaðila.

Trúnaðarbrestur í samstarfi og gjaldþrot eða greiðslustöðvun umsýsluaðila/notanda teljast ávallt til verulegra vanefnda af hálfu umsýsluaðila/notanda og réttmæt ástæða fyrirvaralausrar riftunar.

Í þeim tilvikum sem einstaklingssamningi um notendastýrða persónulega aðstoð er rift stöðvast greiðslur frá velferðarsviði Reykjavíkurborgar þegar í stað.

Velferðarsviði Reykjavíkurborgar er heimilt að krefja umsýsluaðila/notanda um endurgreiðslu fjármagns sem honum hefur verið úthlutað eða hluta af því, sé sýnt fram á að eitthvert eftirtalinna tilvika eigi við:

- a) Fjármagnið að hluta til eða í heild hefur ekki verið nýtt til að koma til móts við skilgreindar þarfir notanda fyrir stuðning samkvæmt áætlun.
- b) Ákvæðum samningsins hefur ekki verið fylgt.

Í þeim tilvikum sem einstaklingssamningi um notendastýrða persónulega aðstoð er rift ber velferðarsviði Reykjavíkurborgar að tryggja að lögbundin þjónusta við notanda hefjist tafarlaust og sjá til þess að lok samnings valdi notanda eins lítilli röskun og mögulegt er.

18. gr.

Uppsögn á samningi

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur samningsaðila einstaklingssamnings um notendastýrða persónulega aðstoð og samkomulags um vinnustundir er þrjú mánuðir. Uppsagnarfrestur hefst fyrsta dag næsta mánaðar eftir að uppsögn var sannanlega tilkynnt gagnaðila með formlegum hætti svo unnt sé að skipuleggja þjónustu við notanda frá velferðarsviði Reykjavíkurborgar, ef við á. Við andlát notanda ber velferðarsviði Reykjavíkurborgar að greiða umsamda samningsfjárhæð í allt að þrjú mánuði.

Sé einstaklingssamningi um notendastýrða persónulega aðstoð sagt upp fellur samkomulag um vinnustundir jafnframt úr gildi og eftir atvikum samstarfssamningur um umsýslu notendastýrða persónulega aðstoð milli sveitarfélags og umsýsluaðila.

VII. kafli

Málsmeðferð

19. gr.

Könnun á aðstæðum

Kanna skal aðstæður notanda svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn um þjónustu í formi notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar hefur borist. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar skal taka ákvörðun í máli svo fljótt sem unnt er og tryggja að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin.

20. gr.

Samvinna við umsækjanda

Öflun gagna og upplýsinga er unnin í samvinnu við umsækjanda. Við meðferð umsóknar og ákvarðanatöku skal hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er en að öðrum kosti persónulegan talsmann, umboðsmann hans eða réttindagæslumann fatlaðs fólks, eftir því sem við á. Umboðsmaður eða persónulegur talsmaður skal framvísa skriflegu umboði.

21. gr.

Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn kynnst einkahögum umsækjanda/notanda eða annarra í starfi sínu er leynt eiga að fara samkvæmt lögum eða eðli máls er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu skriflegu samþykki viðkomandi.

Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það er í samræmi við lög og stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

22. gr.

Leiðbeiningar til umsækjanda

Við afgreiðslu umsóknar skal starfsmaður velferðarsviðs Reykjavíkurborgar bjóða umsækjanda ráðgjöf og veita upplýsingar og leiðbeiningar um réttindi sem hann kann að eiga annars staðar. Þá skal starfsmaður einnig upplýsa umsækjanda/notanda um þær skyldur sem kunna að hvíla á honum vegna þjónustu í formi notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar.

23. gr.

Rangar eða villandi upplýsingar

Samningur um þjónustu í formi notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar sem gerður er á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hálfu notanda fellur þá þegar úr gildi og getur velferðarsvið Reykjavíkurborgar endurkrafið notanda um þá fjárhæð sem úthlutað hefur verið samkvæmt almennum reglum kröfuréttar. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar skal þó sjá til þess að ekki verði rof á þjónustu við notanda.

Ef sannreynt er við vinnslu máls að upplýsingar sem umsækjandi/notandi hefur veitt eru rangar eða villandi stöðvast afgreiðsla umsóknarinnar á meðan umsækjanda/notanda er gefið tækifæri á að leiðrétta eða bæta úr annmörkum.

24. gr.

Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum

Starfsmenn velferðarsviðs Reykjavíkurborgar taka ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði velferðarráðs Reykjavíkurborgar.

Velferðarráð Reykjavíkurborgar hefur heimild til að veita undanþágu frá reglum þessum ef sérstakar málefnalegar ástæður liggja fyrir og umsækjandi/notandi fer fram á það með sérstakri beiðni til velferðarráðs Reykjavíkurborgar innan fjögurra vikna frá því notanda barst vitneskja um ákvörðun. Slík undanþága nær þó einungis til niðurstöðu heildstæðs mats á stuðningsþörf, fjölda vinnustunda eða samningsfjárhæðar. Aðstoð í formi notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar getur þó hafist á grundvelli ákvörðunar velferðarsviðs Reykjavíkurborgar um fjölda vinnustunda þó að mál sé til meðferðar hjá velferðarráði Reykjavíkurborgar.

25. gr.

Kynning á ákvörðun um veitingu þjónustu í formi notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar

Kynna skal niðurstöðu umsóknar um þjónustu í formi notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar fyrir notanda með skriflegum hætti svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað í heild eða að hluta skal notandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan til stjórnisýslulaga, nr. 37/1993, laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018, reglugerðar um notendastýrða persónulega aðstoð, nr. 1250/2018, og reglna Reykjavíkurborgar um notendastýrða persónulega aðstoð fyrir fatlað fólk.

26. gr.

Málskot til úrskurðarnefndar velferðarmála

Umsækjandi/otandi getur skotið ákvörðun velferðarráðs Reykjavíkurborgar til úrskurðarnefndar velferðarmála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því að ákvörðun velferðarráðs Reykjavíkurborgar var tilkynnt.

27. gr.

Gildistaka

Reglur þessar eru settar með stoð í 11. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018, og 3. mgr. 3. gr. reglugerðar um notendastýrða persónulega aðstoð, nr. 1250/2018, og kveða þær á um útfærslu á þjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita. Reglur þessar öðlast gildi 1. maí 2019 og gilda til 31. desember 2022.

Ákvæði til bráðabirgða

I. Umsýsluaðili, eða notandi fari hann sjálfur með umsýslu, skulu afla sér starfsleyfis fyrir 1. október 2019 vegna þeirra samninga sem eru í gildi vegna ársins 2019. Að öðrum kosti fellur gildandi samningur um þjónustu í formi notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar niður frá þeim tíma.



Minnisblað

Viðtakandi: Velferðarráð
Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir

Efni: *Reglur Reykjavíkurborgar um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA)*

Forsaga:

Þann 21. mars 2013 samþykkti velferðarráð að setja á laggirnar tilraunaverkefni um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA) fyrir fatlað fólk. Tilraunaverkefnið byggði á IV. bráðabirgðaákvæði í lögum nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks. Verkefnið var samþykkt á fundi borgarráðs 4. apríl 2013. Upprunalega átti verkefninu að vera lokið í árslok 2014 en það var framlengt ítrekað fram að gildistöku nýrra laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 en lögin tóku gildi 1. október 2018 og þar með varð NPA að lögbundnu þjónustuformi. Alls hafa 19 einstaklingar fengið þjónustu í formi NPA á tilraunátímanum. Á tilraunátímanum ákvað einn notenda að breyta fyrirkomulagi þjónustu í annars konar þjónustu.

Mikil sátt hefur ríkt um þessa þjónustu af hálfu NPA notenda og ljóst að þetta nýja þjónustuform hefur haft mikil og jákvæð áhrif á líf og störf umræddra einstaklinga. Á árinu 2018 voru 19 NPA samningar í gildi hjá velferðarsviði Reykjavíkurborgar. Nettó kostnaður þeirra samninga var um 294,2 mkr. Gjöld voru um 398 mkr. og hlutur ríkisins um 103,3 mkr. Meðalkostnaður fyrir hvern og einn NPA samning var því um 15,5 mkr. á ári. Á tilraunátímabilinu sóttu 32 einstaklingar um þjónustu í formi NPA sem ekki var hægt að koma til móts við vegna takmarkana verkefnisins. Frá gildistöku laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018, hafa 22 nýjar umsóknir borist og vitað er um tvær til viðbótar sem eru væntanlegar. 23 af þessum einstaklingum eru með þjónustu í formi beingreiðslusamnings hjá Reykjavíkurborg. Lægsti samningurinn hljóðar upp á 3,1 mkr. á ári og sá hæsti 37,5 mkr. á ári.

Greinargerð:

Í nýjum lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018, sem tóku gildi 1. október 2018 er NPA lögfest sem þjónustuform fyrir fatlað fólk. Í lögnum er gengið út frá ákvæðum samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og lögin taka til þeirra sem hafa þörf fyrir meiri eða sérhæfðari

stuðning/þjónustu en hægt er að fullnægja á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Þann 27. desember 2018 tók gildi reglugerð um notendastýrða persónulega aðstoð nr. 1250/2018. Reglugerðin er sett með stoð í 11. og 40. gr laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og þar er að finna 23 greinar í sex köflum auk bráðabirgðaákvæðis þar sem kveðið er ítarlega á um framkvæmd og umgjörð notendastýrðar persónulegrar aðstoðar. Í 11. gr. laganna kemur jafnframt fram að ráðherra muni gefa út handbók um framkvæmd notendastýrðar persónulegrar aðstoðar, sú handbók er í vinnslu í ráðuneytinu.

Þau drög að reglum Reykjavíkurborgar um notendastýrða persónulega aðstoð við fatlað fólk sem hér eru lögð fram grundvallast á 11. gr laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018, fyrrgreindri reglugerð um NPA, reynslu af tilraunaverkefni um NPA, þróun þess og ábendingum sem bárust frá notendum, hagsmunasamtökum og starfsmönnum á tilrauna- og undirbúningstíma. Reglurnar munu áfram mótast og þróast af reynslu og mati á því hvernig tekst að koma til móts við þarfir fatlaðs fólks svo það megi lifa sjálfstæðu og virku lífi.

Reglur Reykjavíkurborgar um notendastýrða persónulega aðstoð eru í sjö köflum auk bráðabirgðaákvæðis. Innleiðing notendastýrðrar persónulegar aðstoðar mun eiga sér stað á tímabilinu 2019-2022. Gildistími reglnanna er frá 1. maí 2019 til 31. desember 2022.

Notendastýrð persónuleg aðstoð byggir á hugmyndafræði um sjálfstætt líf og er markmiðið að koma til móts við þarfir fatlaðs fólks svo að það megi lifa sjálfstæðu og virku lífi og hafi val um hvernig aðstoðinni við það er háttað. Notandinn skal vera í verkstjórnarhlutverki í lífi sínu en í ákveðnum tilfellum getur hann átt rétt á aðstoð aðstoðarverkstjórnanda við að sinna því hlutverki, sbr. ákvæði 5. gr. reglnanna. Þjónustan er skipulögð á forsendum notandans og er undir verkstýringu og verkstjórn hans. Notandi getur sjálfur verið umsýsluaðili eða fengið þjónustu lögaðila eins og NPA- miðstöðvarinnar varðandi umsýslu með samningnum. Umsýsluaðili fær mánaðarlegar greiðslur og er þeim ætlað að greiða launakostnað aðstoðarfólks, starfsmannakostnað og umsýslukostnað.

Í 3. gr. reglnanna er að finna þau skilyrði sem sett eru fyrir því að umsókn verði samþykkt. Til að tryggja yfirsýn og samræmi er ákvörðun um veitingu þjónustu tekin á fundi sérstaks úthlutunarteymis, sbr. 4. gr. umræddra reglna. Ákvörðunin byggir á heildstæðu, faglegu mati á því að notendastýrð persónuleg aðstoð sé hentugt fyrirkomulag til að mæta þjónustubörfum umsækjanda sem hefur mikla og viðvarandi þörf fyrir aðstoð og þjónustu, s.s. við athafnir daglegs lífs, heimilishald og þátttöku í félagslífi, námi og atvinnulífi. Um matið er nánar fjallað í 8. gr. reglnanna. Horft skal sérstaklega til þeirra umsækjanda sem hafa einstaklingsbundnar þarfir sem ekki hefur verið hægt að koma til móts við á annan hátt með þjónustu af hálfu Reykjavíkurborgar. Verði umsækjanda ekki veitt þjónusta í formi notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar af hálfu úthlutunarteymis mun umsókn hans halda gildi sínu og verður umsækjanda leiðbeint um önnur þau úrræði sem honum kunna að standa til boða. Þá kemur fram í 4. gr. að fjármagn sem er til ráðstöfunar byggi á samþykkttri fjárveitingu frá ríkissjóði, sbr. bráðabirgðaákvæði I í lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018.

Í 6. gr. reglnanna kemur fram hvaða þjónusta verður hluti af samningi, þ.e. stuðningsþjónusta, stoðþjónusta, stuðningsfjölskyldur og skammtímadvöl. Sú þjónusta fellur því niður við gildistöku samnings. Umsækjandi getur óskað sérstaklega eftir því að vernduð vinna, hæfing og dagþjónusta falli ekki niður og skal taka mið af því í samkomulagi um vinnustundir sem skylt er að gera í tengslum við gerð samnings, sbr. 9. gr. reglnanna. Heimahjúkrun og akstursþjónusta geta ekki verið hluti af samningi. Í 7 gr. kemur fram að sjálfsmat notanda geti verið hluti af þeim gögnum sem fylgja umsókn. Í 10. gr. er fjallað um fjárhæðir og meðferð fjármagns.

Í 11. gr. er fjallað um ráðningu aðstoðarfólks en að jafnaði er ekki gert ráð fyrir að aðstoðarfólk sé maki, sambýlismaður/sambýliskona eða náinn ættingi, sem halda heimili með notanda. Heimilt er að veita undantekningu frá framangreindu í þeim tilvikum þar sem sýnt hefur verið fram á að ættingi sé best til þess fallinn að veita stuðninginn. Í 12. og 13. gr. er fjallað um endurmat á stuðningsþörf og breytingar á aðstæðum notanda. Stöðumat skal fara fram innan 16 vikna frá gildistöku samnings en endurmat skal framkvæmt einu sinni á ári eða eftir þörfum og skal þá gera breytingar á samningi ef um verulegar breytingar á stuðningsþörf er að ræða.

Í V. kafla er fjallað um eftirlit og upplýsingaskyldu og í VI. kafla er fjallað um vanefndir og uppsögn samnings. Málsmeðferðarákvæði VII. kafla eru að mestu leyti samhljóða málsmeðferðarákvæðum annarra reglna um þjónustu velferðarsviðs Reykjavíkurborgar. Í 24. gr. kemur fram að heimildir áfrýjunarnefndar velferðarráðs til að veita undanþágur frá reglunum nái einungis til niðurstöðu heildstæðs mats á stuðningsþörf, fjölda vinnustunda eða samningsfjárhæðar. Í því sambandi er horft til ákvæða 3. mgr. 5. gr. reglugerðar um notendastýrða persónulega aðstoð, nr. 1250/2018 þar sem fram kemur að unnt sé að kæra niðurstöðu varðandi framangreind atriði til úrskurðarnefndar velferðarmála.

Samráð

Undirbúningur við gerð reglnanna hófst í október 2018 og hefur frá upphafi verið haft samráð við fulltrúa málefnaþóps Öryrkjabandalags Íslands um sjálfstætt líf. Drög að reglunum voru send fulltrúum hagsmunasamtaka (NPA-miðstöðvar, Öryrkjabandalagi Íslands (ÖBÍ), Þroskahjálpar og Átaks) þann 19. febrúar sl. og óskað eftir umsögn þeirra ekki síðar en 25. febrúar sl. Formlegar umsagnir bárust ekki en mjög gagnlegar ábendingar og athugasemdir bárust frá fulltrúum NPA miðstöðvarinnar og málefnaþópi ÖBÍ. Haldinn var fundur með fulltrúum fyrrgreindra hagsmunasamtaka þann 20. febrúar sl. til að fylgja drögum að reglum eftir og aftur 4. mars sl. Báðir fundir voru afar gagnlegir, góðar umræður, ábendingar og athugasemdir sem unnið var áfram með við gerð reglnanna. Þá hefur og verið haft samráð við lykilstarfsmenn og stjórnendur innan velferðarsviðs í undirbúningsvinnunni. Lögð hefur verið áhersla á að ljúka við gerð reglnanna sem fyrst. Ekki hefur verið um að ræða formlegt samstarf við önnur sveitarfélög en reglubundin upplýsingamiðlun og samráð hefur verið á undirbúningstímanum, m.a. við Samband íslenskra sveitarfélaga og á vettvangi sviðsstjóra velferðarsviða á höfuðborgarsvæðinu.

Meðal ábendinga sem bárust frá fulltrúum hagsmunasamtaka voru mikilvægi þess að viðeigandi aðlögun yrði höfð að leiðarljósi við framkvæmd þjónustunnar, að sjálfsmat notanda yrði hluti af umsóknargögnum og mikilvægi þess að núverandi notendur NPA þjónustu þyrftu ekki að sækja um á nýjan leik uppfylltu þeir skilyrði 3. gr. reglnanna.

Tekið var tillit til allra framangreindra ábendinga auk ýmissa annarra hagnýtra ábendinga, s.s. varðandi tímasetningu skila á ársuppgjöri. Þá lögðu fulltrúarnir áherslu á að eingöngu yrði notast við þau eyðublöð sem ráðuneytið gaf út vegna þjónustunnar til að samræmi yrði sem mest milli sveitarfélaga.

Eftir standa fyrst og fremst tiltekin tvö atriði í reglunum sem fulltrúar hagsmunasamtaka hafa gert athugasemdir við og snúa þau að takmörkun á aðgengi að þjónustunni.

Er þar um að ræða ákvæði 4. tl. 3. gr. sem kveður á um að umsækjandi skuli búa í sjálfstæðri búsetu og að þjónustan sé ekki í boði fyrir íbúa hjúkrunarheimila eða stofnana þar sem greidd eru daggjöld. Einnig ákvæði í 1. og 4. gr. sem kveða á um að fjármagn sem til ráðstöfunar sé byggt á samþykktri fjárveitingu frá ríkissjóði.

Ljóst er að NPA verður innleitt í áföngum. Meta þarf reynslu af reglunum, hvernig til tekst, með að koma til móts við þarfir notenda og skoða ábendingar sem berast. Þá er einnig ljóst að skoða þarf grá svæði sem til staðar eru í verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga vegna þessa þjónustuforms, s.s. vegna íbúa á hjúkrunarheimilum og þeirra sem fá öndunarvélaþjónustu. Mikilvægt er að hefja fyrr en síðar viðræður og skýra verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga þannig að hægt verði að veita þjónustu við hæfi. Í 36. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir er kveðið á um skipan samráðsnefndar um málefni fatlaðs fólks sem skal vera samráðsvettvangur ríkis, sveitarfélaga og hagsmunaaðila. Hlutverk samráðsnefndarinnar er að vera ráðgefandi við ráðherra við stefnumörkun í málefnum fatlaðs fólks. Þá er einnig starfandi samráðsnefnd ríkis og sveitarfélaga um skýra verka- og ábyrgðarskiptingu í opinberri þjónustu, sem starfar í umboði samstarfsmefndar ríkis og sveitarfélaga (Jónsmessunefndar), sbr. 3. mgr. 128. gr. sveitastjórnarlaga.

Hvað ákvæðið varðar um að umsækjendur skuli búa í sjálfstæðri búsetu eða stefna að flutningi í sjálfstæða búsetu, þá er horft til þess að langir biðlistar hafa myndast eftir sértækri búsetu hjá Reykjavíkurborg og ljóst að enn er mikil þörf fyrir slíkt þjónustuform. Af þeim sökum þykir ekki rétt að bjóða upp á tvenns konar þjónustuform í sömu einingu. Þá er einnig bent á að íbúðir í sértæku húsnæði eru litlar og þar er ekki gert ráð fyrir aðstöðu fyrir aðstoðarmenn. Því þykir það bæði sanngjarnara og nær hugmyndafræðinni að styðja þá íbúa í sértækri búsetu sem óska eftir NPA til að gera áætlun um flutning þannig að unnt verði að nýta núverandi húsnæði viðkomandi fyrir þá sem eru á bið eftir sértækri búsetu.

Kostnaðarmat frá skrifstofu fjármála og rekstrar

Á árinu 2018 voru 19 NPA samningar í gildi hjá velferðarsviði Reykjavíkurborgar. Nettókostnaður þeirra samninga var um 294,2 mkr. Gjöld voru um 398 mkr. og hlutur ríkisins um 103,8 mkr. Meðalkostnaður fyrir hvern og einn NPA samning var því um 15,5 mkr á ári. Viðauki var samþykktur í borgarráði 23. maí 2018 vegna 6 nýrra samninga sem nam 97,3 mkr. Fjárheimild vegna NPA var hækkuð um 100 mkr. í borgarstjórn 5. desember 2018 og kjarabætur sem námu 24,6 mkr. fengust í ramma sviðsins árið 2019. Heildarrammi sviðsins árið 2019 vegna NPA er 445,6 mkr.

Árskostnaður sólarhrings NPA samnings með einum starfsmanni á vakt er um 36 mkr. Miðað við 25% mótframlag ríkisins, 45 mkr., gæti heildarfjárhæð nýrra samninga verið um 180 mkr. á ársgrundvelli. Ef gert er ráð fyrir fimm nýjum sólarhringssamningum á

árinu 2019 yrði nettókostnaður þeirra um 135 mkr. Inni í þeim útreikningum er ekki gert ráð fyrir færslu fjárheimilda úr beingreiðslusamningi yfir í NPA en ef gert er samkomulag um NPA við einstakling sem er með beingreiðslusamning flyst það fjármagn með yfir í samkomulag vegna NPA.

Í 10 gr. reglugerðarinnar um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA), verkstjórn og aðstoðarverkstjórn kemur fram að þurfi notandi aðstoð við að koma þörfum sínum á framfæri skal skilgreint í samningi með hvaða hætti verkstjórnarhlutverk hans er tryggt. Ekki hefur verið metið hver kostnaðarauki Reykjavíkurborgar verður af þessari breytingu.

Kostnaður vegna námskeiða starfsfólks og notenda skal greiddur af umsýslukostnaði. Samkvæmt 19. grein reglugerðarinnar um NPA skal kostnaður vegna greiðslu vinnustunda til aðstoðarfólks á meðan á námi stendur vera hluti samkomulags sveitarfélags og notanda um vinnustundir. Miðað við 25 NPA samninga og að hver notandi sé með fjóra starfsmenn má áætla að aukakostnaður vegna þessa nemi um 6,5 mkr. á ári, þ.e ef allir starfsmenn fara á 16 klst. námskeið á árinu 2019.

Í 20 gr. reglugerðarinnar um NPA, kostnaður vegna langtímaveikinda aðstoðarfólks, kemur fram að sveitarfélag eigi að reikna til viðbótar 1% ofan á heildarsamningsfjárhæðina, sem lagt er inn í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Ekki er gert ráð fyrir þessum kostnaðarauka í áætlun velferðarsviðs. Vakin er athygli á að hlutfall langtímaveikinda á velferðarsviði Reykjavíkurborgar er 7,7%.

Auk þessara þriggja síðastgreindu atriða, sem reglugerðin mælir fyrir um og ekki var gert ráð fyrir í áætlun velferðarsviðs, er jafnframt kveðið á um að fyrir lok árs 2019 skuli sveitarfélög, hagsmunasamtök og ráðuneytið vinna tillögur til ráðherra um hvernig staðið verði að greiðslum vegna sérfræðikostnaðar við viðbótarþarfir þeirra sem fá NPA.

NPA einingarverð

NPA miðstöðin hefur vakið athygli á því að jafnaðartaxti milli sveitarfélaga sé misjafn og endurspegli ekki raunverulegan launakostnað NPA aðstoðarfólks samkvæmt kjarasamningi þeirra. Samkvæmt NPA miðstöðinni þarf jafnaðartaxti á sólarhrings-samningum að vera 4.117 kr. til þess að geta staðið undir launakostnaði NPA aðstoðarfólks allan sólarhringinn.


Reykjavíkurborg hefur tekið ákvörðun um að taka mið af þeim taxa og hækkar því tímagjaldið í 4.117 kr. á klst. Laun taka mið af kjarasamningi STRV við Reykjavíkurborg, lfl. 231-6% (7 ára starfsreynsla).

	Tímar á viku	Álag	Taxti
Dagvinna	42	0%	3.147 kr.
Kvöldvinna	28	33,33%	3.989 kr.
Næturvinnu	95	55%	4.536 kr.
Stórhátíðir	3	90%	5.420 kr.

Jafnaðarstund	168	39,2%	4.117 kr.
Tímar á viku/7	24		

Einingarverðið hjá velferðarsviði Reykjavíkurborgar á árinu 2018 var 3.960 kr. og miðað var við launaflokk 228-4,5%.

Hækkun tímagjalds á árinu 2019 nemur 4% og mun hafa þau áhrif að kostnaður vegna NPA samninganna mun hækka um 24,7 mkr. á árinu 2019. Þar af ætti hlutur ríkisins að vera 25% eða 4,2 mkr.



Súluritið sýnir raunkostnað NPA frá árinu 2013-2018.

Næstu skref

Verið er að leggja lokahönd á samskipta- og innleiðingaráætlun vegna innleiðingar reglnanna þar sem lögð er áhersla á markvissa og reglubundna upplýsingamiðlun og samtöl við notendur, fulltrúa hagsmunasamtaka og starfsmenn um reglurnar sem og framkvæmd og umgjörð þjónustunnar. Unnið er að gerð ýmissa verkferla til að tryggja samræmi í ráðgjöf og framkvæmd þjónustunnar og áætlað að þessir ferlar verði tilbúnir fyrir samþykkt reglnanna. Á innleiðingartímanum mun velferðarsvið gera úttektir á því hvort farið sé að reglum, reglugerð og lögum er varða NPA samninga og framkvæmd þjónustu. Úttektir munu lúta annars vegar að því hvort farið sé með fjármuni eins og gert er ráð fyrir og hins vegar m.t.t. hvort þjónustan mæti þörfum notenda. Þá mun verða settur á laggirnar eftirfylgniþópur með NPA þjónustu á innleiðingartímabilinu með aðkomu hagsmunasamtaka, notenda og lykilstarfsmanna. Mikilvægt er að nýta innleiðingartímabilið til að sníða mögulega hnökra af framkvæmd þjónustunnar og tryggja gagnsætt og opið samráðsferli með öllum helstu hagsmunaaðilum þannig að unnt verði að draga lærdóm af fenginni reynslu og nýta til að tryggja bestu mögulegu framkvæmd til framtíðar.

Á eftirfarandi slóð má finna ítarlegar upplýsingar frá félagsmálaráðuneytinu vegna NPA: Fskj. <https://www.stjornarradid.is/verkefni/felags-og-fjolskyldumal/fatlad-folk/npa/samningar-og-eydublod/>



Númer skjals:	FMS-EBL-029
Skjalalykill:	02.01 Fjárhagsáætlun
Útgáfa:	1
Útgáfudags:	13.07.2018
Síðast rýnt / næst rýnt:	2018 / 2019
Ábyrgðarmaður:	Deildarstjóri áætlunar og greiningar

FMS-EBL-029 Jafnréttisskimun

Tilgangur jafnréttisskimunar:

Með jafnréttisskimun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsröðun um ráðstöfun fjármuna. Fáir tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif.

Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:

Dagsetning:	12. mars 2019
Svið:	Velferðarsvið
Unnið af:	Aðalbjörg Traustadóttir
Verkefni/tillaga:	Lagt er til að velferðarráð samþykki tillögu að nýjum reglum Reykjavíkurborgar um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA)
Þjónustuþáttur:	Þjónusta við fatlað fólk, notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA)
Stofnun/kostn.st.:	F4410
Fjárhæð:	445,6 mkr. eru áætlaðar 2019.
Annað:	

Jafnréttisskimun:

Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?

Lagt er til að samþykktar verði reglur um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA). NPA er þjónusta við fatlað fólk og grundvallast á 11. og 40. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og reglugerð um notendastýrða persónulega aðstoð nr. 1250/2018. Í lögum nr. 38/2018 er NPA lögfest sem þjónustuform og er gengið út frá ákvæðum samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Reglur Reykjavíkurborgar um notendastýrða persónulega aðstoð eru í sjö köflum auk bráðabirgðaákvæðis. Innleiðing notendastýrðrar persónulegar aðstoðar mun eiga sér stað á tímabilinu 2019-2022. Gildistími reglnanna er frá 1. maí 2019 til 31. desember 2022.

Notendastýrð persónuleg aðstoð byggir á hugmyndafræðinni um sjálfstætt líf og er markmiðið að koma til móts við þarfir fatlaðs fólks svo að það megi lifa sjálfstæðu og virku lífi og hafi val um hvernig aðstoðinni við það er háttað.

Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.

Samþykkt tillögunnar sem slíkrar stuðlar að jöfnum rétti fatlaðs fólks til samræmis við ófatlað fólk.

Hvaða hópa snertir tillagan?

Notendastýrð persónuleg aðstoð snertir fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Þjónustan nær til þeirra sem hafa þörf fyrir meiri og sérhæfðari stuðning / þjónustu en unnt er að mæta á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 með síðari breytingum.

Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og jaðarsetta hópa? Rökstyðjið.

Tillagan hefur þau áhrif að fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir sem fær NPA þjónustu verður við stjórnvölinn í eigin lífi og stýrir sjálf þeirri þjónustu sem það fær. NPA eykur frelsi og bætir borgaraleg

réttindi fatlaðs fólks sem þarf aðstoð í daglegu lífi til að njóta réttinda, sinna skyldum, öðlast ábyrgð og lifa því sjálfstæða lífi sem það vill.

Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?¹

Nei

¹ Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.